



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Atvinnumálanefnd

10.fundur.

Fundur haldinn í atvinnumálanefnd 5. desember 2013, kl. 13:30 á skrifstofu Skútustaðahrepps.

Mættir: Böðvar, Halldór, Ingibjörg og Sólveig, Leifur boðaði forföll og varamaður hans komst ekki til fundar. Einnig mættu fjallskilastjórar Daði Lange og Birgir Hauksson.

1. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

2. Uppgjör fjallskila

Tveir reikningar bárust, kr. 53.880, sóttar voru kindur að Svartá, en þær voru úr Hriflu, reikningur fyrir því sendur á Þingeyjarsveitkr. 39.240,-. Reikningar til niðurjöfnunar kr. 14.640,-. Ein gangnaskýrsla barst frá gangnaforingja Norðurfjalla. Það er mjög slæmt að gangnaforingjar skili ekki inn skýrslum. Töluverðar umræður voru um fjallskil í haust þar sem veður setti strik í reikninginn og göngur urðu með öðrum hætti en til var ætlast. Fjallskilasjóðsgjald á kind 8 kr, gangnaskylda á kind 794, girðingagjald 86 kr.

3. Veggirðingar í Skútustaðahreppi

Atvinnumálanefnd óskar eftir því við sveitarstjórn að fá að fara í viðræður við Vegagerðina um veggirðingar í sveitarfélaginu. Veggirðingarmál í sveitarfélaginu eru í ólestri, og vill nefndin koma því til betri vegar.

4. Önnur mál.

Umræður um hvort ekki ætti að borga Björgunarsveitinni fyrir þeirra aðstoð í haust og síðasta haust. Ákveðið að senda bréf til

bænda þar sem þeir eru hvattir til að styrkja björgunarsveitina.
Upphæðin verður kr. 5.000,- á búi.

Umræður um hvort menn vilji leyfa ferðamönnum að taka þátt í
göngum gegn gjaldi, í fyrstu göngum. Samþykkt að boða
afréttanotendur til fundar á útmánuðum og ræða þetta þar.

Fleira ekki gert og fundi slitið
Böðvar Pétursson
Halldór Árnason
Ingibjörg Björnsdóttir
Sólveig E. Hinriksdóttir